



223. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, þriðjudaginn 27. maí 2014 kl. 16:00.

Mættir: Lárus Blöndal forseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Friðrik Einarsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Jón Gestur Viggósson, Garðar Svansson, Ingi Þór Ágústsson, Guðmundur Á. Ingvarsson 1. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll: Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Sigríður Jónsdóttir ritari, Hafsteinn Pálsson, Örn Andrésson, Gunnlaugur Júlíusson 2. varamaður

Dagskrá:

Sigríður Inga Viggósdóttir sviðsstjóri Almenningsíþróttasviðs ÍSí kom inn á fundinn og tilkynnti þau ánægjulegu tíðindi að Almenningsíþróttasvið ÍSí hafi verið tilnefnt af Embætti Landlæknis til norrænu lýðheilsuverðlaunanna vegna almenningsíþróttaverkefna sinna. Tilkynnt verður um verðlaunahafa þann 11. júní nk.

1. Ólympísk málefni

Friðrik Einarsson fór yfir það helsta í undirbúningi fyrir þau ólympísku verkefni sem framundan eru. Sviðsstjóri og starfsmaður Afreks- og ólympíusviðs ÍSí sækja aðalfararstjórafund í Baku í júní nk.

Framkvæmdastjóri skýrði stuttlega frá EOC Seminar sem hún og sviðsstjóri Afreks- og ólympíusviðs ÍSí sóttu í síðustu viku. Þar var farið yfir það helsta varðandi næstu ólympísku verkefni.

2. Smáþjóðaleikar 2015

Forseti fór lauslega yfir það helsta frá heimsókn fulltrúa þeirra smáþjóða sem taka þátt í Smáþjóðaleikunum. Farið var í mannvirkja- og hótelskoðanir og var almenn ánægja með aðstæður. Dagana 16. og 17. maí sl. voru aðalfundur Smáþjóðaleikanna og fundur Tækninefndar GSSE haldnir, ásamt stefnumótunarfundi um framtíð leikanna. Undirbúningur fyrir leikana gengur vel.

3. Ársreikningur ÍSí

Gunnar Bragason gjaldkeri lagði fram og fór í gegnum endurskoðunarskýrslu TEG endurskoðunar ehf. vegna endurskoðunar ársreiknings ÍSí.

Gunnar fór síðan yfir ársreikning ÍSí, skýrði einstaka liði og sundurliðanir og svaraði fyrirspurnum. Niðurstaða reksturs ÍSí er neikvæð um ríflega 7,5 m.kr. ÍSí er vel sett í eignum.

Ársreikningur ÍSí samþykktur samhljóða.

4. Endurskoðuð fjárhagsáætlun

Gunnar Bragason gjaldkeri fór yfir endurskoðaða fjárhagsáætlun ÍSí fyrir árið 2014. Fjárhagsáætlun ÍSí samþykkt samhljóða.

Gjaldkeri lagði til við framkvæmdastjórn ÍSí að nýta þær heimildir um umsýslugjald vegna sjóða sem skrifstofa ÍSí hefur umsjón með. Ferðasjóður ÍSí alls 3,0 m.kr. Slysabótasjóður ÍSí alls 5,0 m.kr.

Samþykkt samhljóða.

5. Reglugerð ÍSÍ um Verkefnasjóð ÍSÍ

Lögð fram tillaga að breytingu á Reglugerð ÍSÍ um Verkefnasjóð ÍSÍ. Breytingin lýtur að niðurfellingu styrkja.

Breytingin samþykkt samhljóða.

6. Íþróttaslysasjóður ÍSÍ

Frestað til næsta fundar.

7. Stofnþing Hjólreiðasambands Íslands

Búið er að senda út fyrra fundarboð til stofnþings Hjólreiðasambands Íslands sem verður haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 20. júní kl. 16:00.

8. Heiðranir

Samþykkt var einróma í gegnum tölvupóst að sæma Jóhann B. Magnússon fráfarandi formann Íþróttabandalags Reykjanesbæjar Gullmerki ÍSÍ fyrir góð störf í þágu íþróttahreyfingarinnar. Lárus L. Blöndal forseti afhenti Jóhanni merki á ársþingi ÍRB.

Samþykkt að veita Richard Má Jónssyni fráfarandi formanni Taekwondosambands Íslands Silfurmerki ÍSÍ fyrir störf sín í þágu taekwondoíþróttarinnar.

9. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 222. fundur framkvæmdastjórnar
- 12. og 13. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- 120. fundur Afrekssviðs ÍSÍ frá 26. maí

Tillaga Afrekssviðs ÍSÍ um röðun á umsækjendum vegna umsóknar um styrki frá Ólympíusamhjálpinni til undirbúnings vegna Ólympíuleikanna í Ríó 2016 samþykkt samhljóða.

- Laganefndar frá 20. maí
- Samþykkt.

10. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

11. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Samþykkt að næsti fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ verði haldinn fimmtudaginn 4. september 16.00.

12. Önnur mál

Starfsskýrsluskil

Búið er að senda sambandsaðilum lista yfir þau félög sem eru á keppnisbannslista ÍSÍ vegna vanskila á starfsskýrslum ÍSÍ.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari